

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um mótuneytismál í grunnskólum Reykjavíkur

Á 214. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um mótuneytismál í grunnskólum Reykjavíkur. Hvernig er rekstrarformi/fyrirkomulagi mótuneyta háttað í skólunum? Í hve mörgum skólum skammta börnin sér sjálf? Hvernig er fjölbreytni matar háttað? Í hve mörgum skólum er boðið upp á ávexti og grænmeti með matnum? Í hve mörgum skólum vigta börnin sjálf og skrá það sem þau leifa? Hvað er mikil matarsóun í grunnskólum Reykjavíkur? Hversu miklum mat er hent? Óskað er að svarið sé í samræmi við leiðbeiningar sem Evrópusambandið hefur gefið út um samræmda aðferðarfræði sem nota ber við að mæla matarsóun en hefja átti slíkar mælingar 2020 (sjá Skýrslu starfshóps um Tillögur að aðgerðum gegn matarsóun, gefið út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu). Hafa börnin verið spurð um hvað þau vilja helst fá í matinn í skólanum?

Svar:


Rekstrarfyrirkomulag

Af 38 grunnskólum eru 31 (82%) með eigið eldhús og matreiðslu á staðnum en sjö grunnskólar kaupa mat frá fyrirtækjunum Skólamat (4), Matartímanum (2) og Hjálpræðishernum (1).

Skömmtnun

Samkvæmt nýlegri könnun könnun skóla- og frístundasviðs skammta nemendur á yngsta stigi sér sjálfir í 36% skóla (12). Nemendur á miðstigi skammta sér sjálfir í 53% skólanna (18) og nemendur á elsta stigi í 46% skólanna (13). Sjá nánar á meðfylgjandi mynd.

Mynd 13. Hve oft í viku fá nemendur að skammta sér hádegismatinn sjálfir?





Fjölbreytni matar

Samkvæmt Matarstefnu Reykjavíkurborgar skal allur matur sem í boði er í grunnskólum borgarinnar taka mið af opinberum ráðleggingum Embættis landlæknis um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri. Samkvæmt nýlegri könnun skóla- og frístundasviðs nota 86% grunnskóla grunnmatseðill (hráefnisseeðil) til sex vikna allt skólaárið. Þar kemur meðal annars fram að fiskur skuli vera í boði tvisvar í viku, kjöt einu sinni eða tvisvar í viku, grænmetis- eða veganréttur reglulega en grænmeti og ávextir skulu vera í boði daglega. Lagst er gegn sykrudum súpum og unnum kjötvörum.

Könnunin, sem áður var vísað til, sýnir jafnframt að 29% grunnskóla bjóða upp á grænker- /veganfæði fyrir alla nemendur samhliða öðrum mat og 42% grunnskóla til viðbótar bjóða upp á slíkt fæði fyrir þá sem skrá sig sérstaklega. Um 68% grunnskóla bjóða upp á salatbar 3-5 sinnum í viku, þar af 49% daglega en nær allir grunnskólar bjóða upp á grænmeti og ávexti daglega þó salatbar sé ekki endilega til staðar.


Matarsóun og vigtun

Gámafélagið, sem þjónustar m.a. grunnskóla borgarinnar, heldur utan um magn lífræns úrgangs en inni í þeim tölum eru einnig hlutir sem ekki teljast til matarsóunar, s.s. bein, roð, hýði, afskurður, pappaburrkur o.fl. Því gefa þær tölur ekki glögga mynd af matarsóun sem slíkri en hægt er að fylgjast með magni lífræns úrgang frá skólunum eins og áður sagði.

Vert er að geta þess að lífræni úrgangurinn fer nú í Gaju, gas- og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi. Þar nýtist metangasið úr úrganginum auk þess sem hann er nýttur til moltugerðar. Slík jarðgerð flokkast sem endurvinnsla og með því að búa til moltu þá verður til vara úr úrgangi sem þýðir að farið er upp um þrep í úrgangspríhyrningnum.

Varðandi vigtun matarleifa í skólunum sjálfum þá eru matarleifar frá mötuneyti alltaf vigtaðar í 11% grunnskóla (4) og 54% skóla (20) til viðbótar vigta stundum leifar frá mötuneytinu samkvæmt fyrirnefndri könnun. Í 35% skóla (13) eru matarleifar aldrei vigtaðar. Magntölur liggja ekki fyrir á þessum tímapunkti.

Mynd 16. Eru matarleifar vigtaðar sem koma frá mötuneytinu?






Val á réttum á matseðil

Hér má sjá svör grunnskóla við spurningunni: „Fá nemendur einhvern tímann að velja hvað er í hádegisverð?“ Eins og sést á myndinni fá nemendur í 40% skóla að koma að matseðlagerð á einhverjum tímapunkti en í 60% skólanna ekki.

Mynd 10. Fá nemendur einhvern tímann að velja hvað er í hádegisverð?



Lokaorð

Mikil vinna er á dagskránni framundan í þessum málaflokki sem tengist bæði innleiðingu á Matarstefnu Reykjavíkurborgar og markvissri vinnu varðandi loftslagsmál samkvæmt aðgerðaáætlun Menntastefnu Reykjavíkurborgar til næstu þriggja ára. Í verkefninu Grænskjáir sem eru hluti af vitundarvakningu um loftslagsmál í grunnskólum verður m.a. fylgst náið með matarsóun og mælt hve mikið af lífrænum úrgangi fellur til í rekstri skólamötuneyta grunnskólanna í Reykjavík. Jafnframt verður fljótlega boðið út matarkerfi fyrir borgina í heild sem heldur m.a. utan um uppskriftir, hráefnisþörf, næringarútreikninga og útreikning á kolefnisfótspori. Slíkt kerfi miðar jafnframt að því að nýta hráefni betur og draga úr matarsóun.